


AK

Hugarflug niðurstöður

frá samráðsfundi fölmenningarráðs Reykjavíkuborgar
með menningasendiherrum
þá 26. október 2024

18. DESEMBER 2024





AK

Reykjavík fjölmennингарborg

NIÐURSTÖÐUR HUGARFLUGS FUNDAR FJÖLMENNINGARRÁÐS

Reykjavíkurborgar, menningarsendiherranna og sérfræðinga Reykjavíkurborgar í fjölmenningu og inngildingu sem var jafnframt fyrsti samráðsfundur fjölmenningarráðs.

Fundurinn var 29. október 2024, kl. 16:30-18:30 í Suðurmiðstöð, Breiðholti, og fór fram á ensku og íslensku.

Niðurstöður við svör við þrem spurningum eru á íslensku og ensku.

X



Hvernig búum við til (eða sköpum) fjölmennningarborg?

- Jákvætt hugarfar og þátttaka

Hvatning til stjórnmálaþólk og borgara um að taka upp jákvæða, virðingarverða og virkjaða nálgun á fjölbreytileika.

- Menningarleg inngilding

Áhersla er lögð á að fólk sem fluttur til Reykjavík fái tækifæri til að deila gildum sínum og taka þátt í samfélaginu í gegnum menntun, tungumálanámi og samfélagsleg tengsl.

- Sýnileiki og framsetning

Tryggja fjölbreytta framsetningu í opinberu rými, þjónustu og stofnunum, þar á meðal hjá stjórnvöldum, fjölmiðlum og menntastofnunum.


AK





Hvernig búum við til (eða sköpum) fjölmennningarborg?

- Gagnkvæm virðing og umburðarlyndi
Að byggja upp gagnkvæma virðingu og skilning milli innfædda og innflytjenda borgarbúa, fagna bæði íslenskri menningu og annari menningu
- Samfélag og samskipti
Að skapa rými fyrir samskipti, s.s. félagsmiðstöðvar, og hvetja fólk til að tala saman, hlusta og hjálpa hvert öðru.
- Jafnrétti
Að stuðla að jafnrétti allra samfélagshópa, með sérstakri áherslu á jafnrétti kynjanna, og styðja innflytjendur með inngildingaáætlunum og jöfnum aðgangi að tækifærum.
- Upplýsingar og stuðningur
Tryggja þarf skýrar og aðgengilegar upplýsingar og veita fólkvi stuðning til að hittast, tengjast og læra hvert af öðru.



AK



AK

Hvernig er þjónustan í fjölmenningsgarborg?

Í svörum við spurningunni um hvaða þjónustu borgarbúar ættu að fá í fjölmenningssamfélagi gerð grein fyrir framtíðarsýn fyrir aðgengilegt og sveigjanlegt stuðningskerfi fyrir innflytjendur í Reykjavík, þar sem lögð er áhersla á mikilvægi samskipta, skilnings á annarri menningu og greiðs aðgangs að þjónustu.

Á heildina litið voru þátttakendur á hugarflugs fundinum talsmen hugmyndafræðina um inngildingu innflytjenda á heildrænan, sveigjanlegan hátt, með áherslu á að auðvelda aðgengi að þjónustu, bæta lífsgæði og varðveita menningarlegan sjálfsmýnd.



Hvernig búum við til (eða sköpum) fjölmennningarborg?

- Fyrirbyggjandi stuðningur

Þjónusta sem býður upp á aðstoð áður en vandamál koma upp, öfugt við kerfi sem hafna beiðnum („tölva segir nei“).


- Tungumála- og menningar inngilding

Frítt íslenskunámskeið, fjölmennningarfræðsla og stuðningur við innflytjendur til að skilja reglur og kerfi. Áhersla á íslenskunám í skólum og þýðingar- og túlkaþjónustu, fjöldyngda ráðgjöf og bætta þýðingu á vefsíðum.

- Upplýsingar og inngildandi þjónusta

Áhersla er lögð á aðgengilegar, skýrar og réttar upplýsingar um heilsu, menntun, réttindi og almenn lífsgæði. Þjónustan er hönnuð með það í huga að vera notendamiðuð og í stöðugri þróun út frá endurgjöf frá innflytjendasamféluginu.

AK





Hvernig búum við til (eða sköpum) fjölmennningarborg?

- Stuðningsúrræði


Miðstöð eins og Alþjóðahús sem bjóði upp á úrræði fyrir ný íbúa, þar á meðal starfsþjálfun, fjölskyldustuðning, ráðgjöf og leiðsögn um hvernig best sé að fóta sig í íslensku samfélagi. Sérstök áhersla er lögð á að skapa móttökurými þar sem fólk frá ólíkum menningarheimum getur hist, fengið stuðning og varðveisitt menningarlega sjálfsmýnd sína.

- Fjölmenningarfærni og inngilding

Þjónusta skal vera í höndum fólks með fjölmenningarfærni og tryggja öllum vellíðan. Innflytjendur eiga að upplifa sig sem virkir þátttakendur í samfélaginu, ekki bara þiggjendur aðstoðar eða þjónustu.



AK





Hvernig búum við til (eða sköpum) fjölmennningarborg?

- Að fylla á gráu svæði í þjónustu

Svörin benda á áskoranir eins og skort á túlkum í skólum og börf á betri samskiptum milli stofnana. Einnig er bent á kerfislægar hindranir sem innflytjendur standa frammi fyrir, eins og að fá vinnu án þess að kunna góða íslensku eða að hafa ekki „íslenskt nafn“.


- Samstarf milli stofnana

Samstarf milli stofnana til að veita samræmda og góða þjónustu sem endurspeglar fjölbreyttar þarfir innflytjenda.

- Jafnrétti og valdefling

Að tryggja öllum einstaklingum jöfn tækifæri, óháð bakgrunni, og skapa kerfi sem veitir innflytjendum umboð til að nýta réttindi sín til fulls. Mikilvægt er að fólk fá stuðning við t.d. mat af námi erlendis frá. Jafningjahópa ráðgjöf mun hjálpa innflytjendum við að takast á við persónulegar og menningarlegar hindranir.

AK





Hvernig er Reykjavíkurborg sem fjölmenningar vinnustaður?

Reykjavíkurborg sem fjölmenningarlegur vinnustaður leggur áherslu á að stuðla að fjölbreytni, jafnrétti og þátttöku með því að **kynna stefnu og starfshætti sem taka mið af fjölmenningarlegum áherslum**. Meðal lykilþátta er að **bjóða upp á íslenskunámskeið á vinnutíma** sem hjálpar starfsfólki, sérstaklega þeim sem hafa íslensku sem annað tungumál, að auka færni sína. **Þjálfun starfsmanna** leggur í auknum mæli áherslu á **menningarvitund**, eins og til dæmis Regnbogavottun.



Hvernig er Reykjavíkurborg sem fjölmenningar vinnustaður?

Ráðningarárferlið er þannig gert að eingöngu er lögð áhersla á menntun og reynslu, **án þess að taka tillit til nafns eða uppruna**, og stuðlað að sanngirni.

Vinnustaðurinn endurspeglar fjölbreytileika nærsamfélagsins, með því að ráða innflytjendur og fólk með ólíkan bakgrunn. Tekið er á mismunun, kynþáttafordómum og útilokun og vinnustaðir eru **opnir fyrir endurgjöf og umbótum**. Starfsfólk fær tækifæri til starfsþróunar, reynslu og persónulegan uppvöxtur, þar sem gert er ráð fyrir að **allt starfsfólk sæki fjölmennningarlega þjálfun**. Vinnu umhverfið er alþjóðlegt, inngildandi og hvetur til **þess að fólk kynnist ólíkum menningarheimum**, skapar opið og móttækilegt rými fyrir fólk af öllum uppruna.



Hvernig er Reykjavíkurborg sem fjölmenningar vinnustaður?

LYKILATRIÐI:

- Leggja áherslu á jákvæða mismunun og jöfn tækifæri.
- Bjóða upp á íslenskunámskeið á vinnutíma.
- Fjölmenningarfærni þjálfun fyrir öll starfsfólk á öllum sviðum (eins og Regnbogavottun).
- Ráðningarárferli tekur mið á menntun og reynslu, án hlutdrægni (nafni eða uppruna).
- Vinnustaðurinn endurspeglar fjölbreytta samsetningu samfélagsins.
- Tekið er alvarlega á mismunun og kynþáttafordómum.
- Stuðningur er veittur við starfsþróun.
- Vinnustaðurinn er hannaður með það í huga að vera inngildandi, með áherslu á færni og menntun, ekki bakgrunn.



Takk fyrir

Safnað saman af: Joanna Marcinkowska
Glærur: aleksandra.kozimala@reykjavik.is

